



Skólaráðsfundur 15.október 2013

Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðrún Guðmundsdóttir kennari, Redife Dino Osmani foreldri, Kristján Carlsson Granz foreldri, Hulda María Þorbjörnsdóttir starfsmaður, Baldur Rafn Sigurðsson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Viðar Páll Traustason formaður nemendafélags skólans, Snjólfur Marel Stefánsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari). Jenný Þ. Magnúsdóttir formaður foreldrafélagsins boðaði forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, óskaði eftir athugasemdum og ábendingum vegna skólanámskrár, starfsáætlunar og bekkjarnámskrár. Engar efnislegar athugasemdir né ábendingar komu fram. Skólanámskrá Njarðvíkurskóla var því lögð fyrir samþykki fundarmanna og var hún samþykkt með atkvæðum allra. Skólanámskráin verður því send til Fræðsluráðs Reykjanesbæjar.
2. Önnur mál:
 - a. Ásgerður sagði frá því að næst fundur skólaráðs verður um mánaðarmótin nóvember/desember. Þar verður til umræðu niðurstöður á skimunum sem kennsluráðgjafar FRÆ eru að leggja fyrir nemendur og hvernig unnið er úr þeim. Einnig verður farið yfir niðurstöður samræmdra prófa og hvernig unnið er úr þeim. Þá munum við ræða um skipulag í desember og heimsóknir trúarfélaga í skólann.
 - b. Ásgerður sagði frá því að skólastarf hefur farið vel af stað, það er góður vinnufriður í kennslu. Skólastjórnendur eru að hitta umsjónarkennara þessa dagana og er almenn ánægja hjá þeim.
 - c. Ásgerður hvatti alla til að senda á sig póst ef það eru einhver mál sem fulltrúar í skólaráði vilja ræða á næsta fundi.
3. Næsti fundur verður um mánaðamót nóvember/desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð